

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 3. desember 2025

Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um endurskoðun á meðhöndlun lífræns úrgangs:

Fulltrúi Framsóknarflokksins leggur til að umhverfis- og skipulagsráð beini því til borgarstjóra að hefja samtal við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um hvernig bæta megi móttöku og meðhöndlun lífræns úrgangs á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð

Núverandi fyrirkomulag við móttöku hrossaúrgangs, sérstaklega frá Víðidal og nálægum hesthúsahverfum, er orðið bæði óhagkvæmt og umhverfislega óásættanlegt. Hesthúsaeigendur eru í dag skyldaðir til að aka lífrænum úrgangi um 18 km leið frá Víðidal og að Álfsnesi, þar sem urðunar- og móttökusvæðið er staðsett. Ferðaleiðin liggur í gegnum tvö sveitarfélög og fjölda hringtorga, sem eykur ferðatíma, kolefnislosun og kostnað. Leiðin er enn lengri fyrir hesthúsabyggðir í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, og getur numið 20–30 km akstri pr. ferð.

Samkvæmt stefnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og reglugerð um meðhöndlun úrgangs er markmiðið að draga úr urðun lífræns úrgangs og styðja við hringrásarhagkerfi, þar á meðal endurvinnslu eða vinnslu lífrænna efna til jarðvegsbóta, moltu eða landgræðslu.

Hrossaúrgangur, sem er rík uppspretta lífrænna næringarefna, er í dag að mestu urðaður á Álfsnesi en gæti nýst sem verðmætt hráefni til landgræðslu, jarðvegsuppbyggingar eða sem innviður í moltugerð.

Þetta fyrirkomulag samræmist hvorki markmiðum Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 né markmiðum landslagsgerðar og hringrásarhagkerfis, þar sem lögð er áhersla á að draga úr flutningskostnaði, minnka kolefnisspor og tryggja vistvæna nýtingu lífrænna auðlinda.

Með sameiginlegu átaki sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu væri hægt að:

- finna meira nærliggjandi og skilvirkari móttökustað fyrir hrossa- og annan lífrænan úrgang,
- draga úr óþarfa akstri og losun gróðurhúsalofttegunda,
- lækka kostnað hesthúsaeigenda,
- og tryggja að verðmæt lífræn auðlind nýtist til uppgræðslu og jarðvegsbóta í stað urðunar.

Tillagan er því í samræmi við markmið umhverfis- og sjálfbærnistefnu borgarinnar og hvetur sveitarfélögin til að leita samræmdra lausna sem nýtast öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins.